

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

4. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 4. nóvember 2013 á skrifstofu íþróttafulltrúa Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Sigurjón Andersen (KK), Ingvar Kristinsson (Björk), Viðar Halldórsson (FH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Þórarinn Sófusson (GSE), Halldóra Einarsdóttir (Sörli), Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH) og Karl Klein (SH). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Kristín Pétursdóttir (SH), Ingibjörg Gunnarsdóttir (HFH) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir).

- 1. Aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun. Nýr bæklingur frá ÍSÍ**
Kynnt fundarmönnum. Félögin beðin um að koma eintaki af bæklingnum á alla þjálfara og stjórnarmenn. Bæklingurinn er skyldulesning fyrir alla sem koma að íþróttastarfi og er það hagsmunamál allra sem koma að íþróttastarfi að einelti og önnur óæskileg hegðun þrífist ekki í íþróttahreyfingunni. Bæklingur er hægt að nálgast á heimasíðu ÍSÍ undir fræðsla, forvarnir, einelti í íþróttum.
- 2. Eyðublað – Samþykki um að íþróttafélag fái upplýsingar hjá sakaskrá ríkisins um það hvort umsækjandi um starf / sjálfboðaliði hafi gerst sekur um kynferðisbrot**
Eyðublaðið lagt fram til kynningar, þar sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar stendur á eyðublaðinu myndi íþróttafélag setja sitt nafn og ábyrgðaraðili frá félaginu myndi einnig rita sitt nafn og stöðu í félaginu neðst á eyðublaðið. Með eyðublaðinu fylgdi einnig bréf frá ÍSÍ dagsett 4. október sl. í bréfinu vill ÍSÍ vekja athygli sambandsaðila sinna og aðildarfélaga á nýrri grein í lögum ÍSÍ, sem samþykkt voru á Íþróttþingi ÍSÍ í apríl sl. Hún hljóðar svo:
„Grein 5.a. Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni
Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsíðoma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar.“
- 3. Samstarf Kvartmíluklúbbsins og Ökukennarafélags Íslands**
SA fulltrúi Kvartmíluklúbbsins greindi frá nýjum samningi milli Kvartmíluklúbbsins, Ökukennarafélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar sem verður undirritaður þriðjudaginn 5. nóvember nk. Samningurinn er til næstu tveggja ára en byggir á leiguframlagi frá Ökukennarafélaginu upp á 60 milljónir næstu 30 árin. Ökukennarafélagið kemur til með að nýta bæði húsnæði og akstursaðstöðu Kvartmíluklúbbsins alla virka daga. Með þessum samningi getur félagið hafið framkvæmdir til endurbóta á akstursíþróttasvæðinu, þær eru m.a. stækkun brautar, gerð slaufa á braut, ísbraut, akstursgerði, hringakstursbraut, nýtt hlið á svæðið o.m.fl.
- 4. Tillögur að eflingu Afreksmannasjóðs ÍBH**
Fundarmenn ræddu ýmsar tillögur. Fram kom áhugi á að styrkja afreksmannasjóð m.a. með því að leita eftir stuðning hjá fyrirtækjum sem væru ekki að styðja við hafnfirsk íþróttafélög nú þegar. Um þetta voru skiptar skoðanir og ákveðið að hugsa málið aðeins betur og halda umræðunni um eflingu afreksmannasjóðs opinni. Ungir og efnilegir íþróttamenn á aldrinum 15-20 ára hafa ekki fengið afreksstyrki úr sjóðnum frá árinu 2009, en fá ferðastyrki. Ferðastyrkir til íþróttamanna hafa ekki hækkað í krónum frá árinu 2008, en útgjöld sjóðsins vegna ferðastyrkja aukast árlega um nokkur hundruð þúsund.
- 5. Námskrár aðildarfélaga ÍBH**
Félög og deildir hvött til að yfirfara þær reglulega. Þær íþróttagreinar sem eiga ekki námskrá eru hvattar til gera hana. Samningurinn milli ÍBH, Rio Tinto Alcan og

Hafnarfjarðarbæjar greiðir félögum og deildum styrk árlega til námskráargerðar. Félög og deildir eru beðin um að skila nýjasta eintaki námskráar til skrifstofu ÍBH um leið og þau skila inn umsóknum fyrir þjálfaramenntun og námskrám í sjóðinn til styrkar íþróttastarfinu 16 ára og yngri í lok árs 2013.

6. Námskeið til að efla leiðtogahæfni iðkenda

Framkvæmdastjóra ÍBH falið að setja upp hugmynd að námskeiði, finna fyrirlesara / kennara og kanna áhuga á þátttöku.

7. Námskeið til að efla leiðtogahæfni stjórnenda í íþróttafélögum

Sama og í 6 lið.

8. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá ÍSÍ dagsett 4. okt 2013, þar sem vakin er athygli á samþykkt Íþróttáþings ÍSÍ í apríl sl., þ.e. grein 5.a. Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni.
- b). Fræðsluþing Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Haldið í Flensborgarskólanum 21. október 2013.
- c). Bréf frá ÍSÍ um námskeið um eineltismál föstudaginn 18. október 2013.
- d). Bréf frá Lyftingasambandi Íslands um lyftingaping í Reykjavík 20. nóvember 2013.
- e). Fréttabréf Áhugafólks um íþróttir aldraðra október 2013.
- f). Boðun á formannafund ÍSÍ föstudaginn 29. nóvember 2013.
- g). Boð á kynningarfund um rannsóknina „Ungt fólk“ 2013 fimmtudaginn 7. nóvember á Nauthóli Reykjavík.

9. Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19.05

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir